



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Borg, 22. desember 2022

**Efni: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 324/2022.
„Drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs“.**

Á 538. fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps, þann 19. desember s.l var tekið fyrir erindi frá samráðsgátt þar sem kynnt var til samráðs af hálfu Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis mál nr. 324/2022, „Drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs“.

**11. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 324/2022.
„Drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs“.**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps fagnar því að í drögum að reglugerð um meðhöndlun úrgangs sé tekið fram að nota skuli samræmdar merkingar fyrir úrgangstegundir. Sveitarstjórnin telur að samræmdar merkingar muni að öllum líkindum skila sér í betri flokkun um land allt, því notendur muni þá þekkja betur litina og merkingarnar þrátt fyrir að farið sé á milli sveitarfélaga.

Í drögumunum segir í grein 10 um töluleg markmið og viðmiðanir:

„Endurvinnsla heimilisúrgangs skal að lágmarki vera 50%. Þá skal endurvinnsla heimilisúrgangs að lágmarki vera 55% miðað við þyngd árið 2025, að lágmarki 60% árið 2030 og að lágmarki 65% árið 2035. Við útreikning á hlutfalli endurvinnslu skal telja með úrgang sem fór til undirbúnings fyrir endurnotkun.“

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps leggur til eftirfarandi breytingu á málsgreininni:

„Endurvinnsla heimilisúrgangs frá heimilum/íbúðarhúsnæði skal að lágmarki vera 55% miðað við þyngd árið 2025, að lágmarki 60% árið 2030 og að lágmarki 65% árið 2035. Við útreikning á hlutfalli endurvinnslu skal telja með úrgang sem fór til undirbúnings fyrir endurnotkun.“

Núverandi málsgrein tekur ekki tillit til þeirra sveitarfélaga þar sem frístundahús eru stór hluti af fasteignum. Taka verður tillit til þess að notkun slíkra húsa er ólík notkun íbúðarhúsa, og er þar af leiðandi hætt við því að erfiðara verði að uppfylla töluleg markmið. Rannsóknir sýna að flokkun er best ef hún er innan lóðar viðkomandi fasteignar, en almennt er ekki boðið upp á slíka þjónustu í frístundahúsaahverfum. Þess



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Í stað er stuðst við grenndarstöðvar eða gámasvæði, sem hafa hingað til skilað lakari flokkun heldur en flokkun innan lóðar.

Sveitarstjórn óskar eftir skýringum á því hvernig eigi að fylgja eftir öðrum tölulegum viðmiðum í 10. grein? Til dæmis hvernig á að fylgjast með því hvað er urðað og hvar?

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar


SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES OG
GRAFNINGSHREPPS

Iðna Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri